

ORKUSTOFNUN

Jarðhitadeild

RAFLEIÐNIMÆLINGAR VIÐ EGILSSTAÐI
OG
URRIÐAVATN

eftir

Guðmund Guðmundsson

Ágúst 1972

11.08.1972

GG/ps

Sumarið 1971 var mælt viðnámi á 7 stöðum við Egilsstaði og Urriðavatn. Þeir eru merktir á meðfylgjandi mynd (Fnr 10698) ásamt viðnámi á u.þ.b. 600 m dýpi. Þetta gildi er meðalviðnám á allstóru svæði kringum miðju mæli línunnar. Mælt var með jafnstraumstækjum og geta þau veitt nákvæmari vitneskju um viðnám á miklu dýpi en eldri mælingar á þessum slóðum.

Jarðfræðilega er þetta svæði skylt Eyjafirði, en sennilega nokkru eldra. Í Eyjafirði hefur talsvert verið rannsakað og borað eftir heitu vatni og sumarið 1971 voru þar umfangsmiklar rafleiðnimælingar hliðstæðar mælingunum við Urriðavatn. Margt af því sem nú er álitid um eðli jarðhita í tertieru bergi kemur fram í skýrslunni "Jarðhiti í nágrenni Akureyrar" og sendum við ykkur eintak af henni. Línurit um niðurstöður mælinganna er á mynd Fnr 10700. Lægsta viðnámið kemur fram við mælinguna næst jarðhitanum við Urriðavatn. Munurinn á því og viðnámi í hinum mælingunum er svipaður og munur á viðnámi á heitum svæðum og þeim sem virðast eðlileg við Eyjafjörð.

Þessar mælingar og árangur af fyrri borunum við Ullartanga og Urriðavatn (sbr. Greinargerð um jarðhitarannsóknir við Urriðavatn eftir Kristján Sæmundsson í Apríl 1970) benda ekki til að árangurs sé að vænta af borunum nokkur hundruð metra nema á jarðhitasvæðunu við Urriðavatn. Um líkur á árangri og kostnað við dýpri boranir vísum við til skýrslunnar "Jarðhiti í nágrenni Akureyrar."



Rafleiðnimælingar við Urríðavatn
1971, staðsetning.



